

8

20. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 16. gr., b.-lið, laga um útflutningssjóð o. fl. falli niður orðið „skipaleigum“.

2. gr.

Síðasti málslíður 2. málsgreinar 15. gr. laganna skal hljóða svo: Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi skipaleigur, nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. febrúar 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

9

12. marz

L Ö G

um húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Styrktarsjóði Félags íslenzkra rafvirkja og sjúkrastyrktarsjóði Múrarafélags Reykjavíkur er heimilt að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. marz 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.